

Eining - Iðja

Ársreikningur 2008

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrsla	2
Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 22. apríl 2008	3 - 11
Áritun óháðs endurskoðanda	12
Áritun skoðunarmanna	13
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins	14
Yfirlit um efnahag félagsins	15
Rekstrarreikningur félagssjóðs	16
Efnahagsreikningur félagssjóðs	17 - 18
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs	19
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs	20
Rekstrarreikningur orlofssjóðs	21
Efnahagsreikningur orlofssjóðs	22
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs	23
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs	24
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs	25
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs	26
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs	27
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs	28
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur	29
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur	30
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar	31
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar	32
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-löju	33
Samandreginn rekstrareikningur	34
Samandreginn efnahagsreikningur	35
Sjóðstreymi	36
Skýringar og sundurliðanir	37 - 41
Fimm ára yfirlit	42

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löjla var stofnað þann 15 . maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löjla félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2008 voru 7.801.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Siglufirði. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löjlu.

Laun formanns á árinu námu kr. 6.441.129 og laun stjórnar kr. 2.173.750.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löjlu staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með áritun sinni.

Akureyri, 17. mars 2009.

Stjórn

Skýrsla stjórnar á aðalfundi Einingar-löju 2. apríl 2009

Starfssvæði félagsins

Starfssvæði félagsins er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Ennfremur Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

Félagið í hnotskurn

Almenn starfssemi og þjónusta

Eftirtalinn fjöldi félagsmanna naut styrkja á árinu 2008:

Starfsmenntastyrkir	608
Sjúkrasjóður	1.733
Orlofshús	916
Orlofsferðir og leiksýningar	293
Samtals	3.550
Árið 2007 voru sambærilegar tölur	2.995 sem er aukning um 18,5%

Lykiltölur	2008	2007
<i>Tekjur</i>		
Félagsgjöld	105.800.415	105.112.988
Sjúkrasjóðsgjöld	73.171.356	66.042.208
Orlofssjóðsgjöld	34.134.170	32.607.025
Fræðslusjóðsgjöld	0	140.565
Húsaleiga	14.061.046	14.738.955
Aðrar tekjur	8.887.169	4.489.013
Samtals tekjur	236.054.156	223.130.754
<i>Gjöld</i>		
Aðrar bætur og styrkir til félagsmanna	76.768.832	62.668.334
Rekstur og viðhald fasteigna	49.246.479	38.709.557
Rekstrarkostnaður og afskriftir	127.038.230	96.427.832
Samtals gjöld	253.053.541	197.805.723
Fjármagnsliðir	87.503.813	39.950.076
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	70.504.428	65.275.107

Helstu styrkir úr félagssjóði starfsárið 2007-2008

Mæðrastyrksnefnd	500.000
Alþjóðahúsið á Norðurlandi ehf.	250.000
Aflið systursamtök Stigamóta á Norðurlandi ..	100.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	100.000

Stjórn Einingar-löju starfsárið 2008 - 2009

Björn Snæbjörnsson, formaður

Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður

Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari

Anna Júlíusdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Ingvar Kristjánsson, Kristbjörg Ingólfssdóttir, Margrét Jónsdóttir, Marsibil Kristjánsdóttir og Sigríður K. Bjarkadóttir.

Kjarasamningar starfsárið 2008 - 2009

Eftirfarandi samningar voru kynntir á stjórnarfundum síðasta árs:

Þann 29. maí 2008 var sagt var frá samningi Starfsgreinasambands Íslands og Ríkisins sem gerður var 26. maí sl. Hann gildir frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009. Samningurinn gefur hækkun upp á kr. 20.300 á mánaðarlaun, ný launatafla sem gefur að meðaltali 1% og nokkur önnur atriði eru til viðbótar í samningnum. Samningurinn var kynntur á Siglufirði og Akureyri 3. júní. Í atkvæðagreiðslu um samkomulag Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna, við fjármálaráðherra f.h. ríkisins um breytingar á kjarasamningi aðila, var samningurinn samþykktur með miklum meirihluta greiddra atkvæða. Alls voru 2.139 einstaklingar á kjörskrá. Atkvæði greiddu 677 eða 31,70%. Já sögðu 616 eða 91%. Nei sögðu 55 eða 8%. Auðir og ógildir seðlar voru 6 eða 1%.

Þann 21. ágúst 2008 voru lagðir fram 3 samningar. Stofnanasamningur milli Vegagerðarinnar og Starfsgreinasambands Íslands. Samningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Landsambands smábátaeiganda um ákvæðisvinnu við línu og net. Samningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum.

Þann 10. nóvember 2008 var lagður fram stofnanasamningur við Mötuneyti Menntaskólans á Akureyri.

Þann 15. desember 2008 var lagður fram stofnanasamningur við Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar.

Kynntur var nýr samningur milli Launanevndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands sem gerður var 29. nóvember sl.

Þann 28. janúar 2009 voru lagðir fram samningar við Meðferðarheimilið á Laugalandi. Stofnanasamningur við MA og við Samtök atvinnulífsins vegna Norðurorku.

Þann 26. febrúar 2009 sagði formaður frá því að gerður hefði verið samningur við Ramma hf. á Siglufirði vegna nýrrar rækjuverksmiðju, en eftir páska ætlar fyrirtækið að hefja á ný rækjuvinnslu. Þetta þýðir um 10 til 12 ný störf á staðnum.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2008

A) Sjúkradagpeningar	Fjöldi	Upphæð
Dagpeningar vegna veikinda og slysa	119	45.740.159
Dagpeningar vegna langveikra barna	5	1.050.417
Dagpeningar vegna veikinda maka	8	1.643.861
Dagpeningar vegna veikinda og slysa starfsmanna ríkis/sveitarfélaga	22	5.000.188
Dagpeningar vegna áfengisvanda	10	1.169.290
B) Dánarbætur	25	3.637.000
<i>Bætur samtals</i>	189	58.240.915
Styrkir til félagsmanna		
Sjúkrabjálfun	441	4.164.993
Sjúkranudd	166	3.178.987
Krabbameinsleit	271	727.962
Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd	31	327.775
Gleraugu	239	2.516.241
Heyrnatæki	8	120.000
Líkamsrækt	363	2.906.314
Aðrir styrkir	25	970.000
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	1.544	14.912.272
<i>Bætur og styrkir til félagsmanna úr ssj. 2007</i>	1.733	73.153.187

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2008-2009

Sigrún Lárusdóttir, Jakob Tryggvason og Lára Einarsdóttir.

Varamenn: Sólveig Jónasdóttir, Valborg Aðalgeirsdóttir og Hulda Einarsdóttir.

Námskeið

Haldin voru trúnaðarmannanámskeið 1 og 3 í samvinnu við Fagfélagið, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum. Mjög gott er að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin, þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum. Alls sóttu á fimmta tug trúnaðarmanna námskeiðin. Einnig voru haldin tvö önnur námskeið fyrir trúnaðarmenn í samvinnu við hin félögin. Fjármálalæsi, sem 9 manns sátu, og „Hvað er í þessu fyrir mið?“ sem 24 sátu.

Námskeið var haldið fyrir dyraverði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. 14 einstaklingar sátu námskeiðið sem tókst mjög vel. Á undanförunum árum hafa um 230 dyraverðir sótt sambærileg námskeið.

Einnig voru haldin þrjú konfektnámskeið með alls 35 þátttakendum, námskeið í jólaföndri með 30 þátttakendum og námskeið um fjármál heimilanna með 19 þátttakendum.

Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt

Á síðustu árum hefur aukist mjög að fólk fari á ýmis námskeið sér til gagns og gamans, vegna vinnunnar, til sjálfstyrkingar og tómstunda. Þetta hefur verið gert auðveldara eftir að starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt voru stofnaðir. Alls sóttu 608 einstaklingar, 370 konur og 238 karlar, um einstaklingsstyrki úr sjóðunum árið 2008 samtals að upphæð kr. 16.488.539.

Aldursdreifing styrkþega fræðslusjóðanna

49 á aldrinum 17-20 ára, 183 á aldrinum 21-30 ára, 111 eru 31-40 ára, 135 eru 41-50 ára, 93 á aldrinum 51-60 ára og 35 eru á aldrinum 61-70 ára.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga	143
Tölvunám/námskeið	20
Aukin ökuréttindi	23
Náms- og kynnisferðir	37
Tungumálanám (enska, spænska o.fl.)	34
Framhaldsnám (einnig fjarnám)	51
Háskólanám (einnig fjarnám)	29
Starfsnám	162
Annað	66
Tómstundanámskeið	43

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almennir starfsmenn	387
Sveitafélagsstarfsmenn	184
Ríkisstarfsmenn	37

Tengiliður við Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt er Brynja Skarphéðinsdóttir og hefur hún einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu. Matthildur Sigurjónsdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið sem félagið heldur.

Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2008 voru 308 félagsmenn Einingar-löðu á atvinnuleysisrá, 186 karlar og 122 konur.

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. janúar 2009 eru kr. 6.900 fyrir hvern virkan dag, eða um það bil kr. 149.523 á mánuði að meðaltali.

Orlofsmál

Á árinu 2008 voru sautján og hálf orlofshús og fjórar íbúðir í eigu félagsins. Tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík eru ekki taldar með. Félagið tók á leigu fjögur og hálf orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið, tvær íbúðir í Kaupmannahöfn og eina á Spáni til viðbótar yfir sumarið. Einnig úthlutaði félagið 160 orlofsstyrkjum sem við köllum "vika að eigin vali".

Vetrarleiga hefur verið mjög góð og hefur aukist ár frá ári. Sem dæmi má nefna að helgarleigum á Illugastöðum fjölgaði úr 126 í 268 á milli ára, eða um 142 leigur.

Íbúðirnar okkar í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja þrátt fyrir fjölgun þeirra á undanförunum árum. Félagið er nú með í notkun sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir.

Nýting orlofshúsa 2008

	sumarvikur	sumarhelgar	vetrarvikur	vetrarhelgar
Illugastaðir (4) (14 yfir veturinn)	61	28	18	268
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	10			
Einarsstaðir (1)	11	2	2	1
Svignaskarð (1)	15		2	24
Tjarnargerði (0.55%)	8		3	11
Reykjavík (4,5)	71	4	112	20
Egilsstaðir (1)	8	2	Föst leiga að vetri til	

Félagið var með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum:

Einarsstaðir (2)	18	2
Munaðarnes/Stóruskógar (3)	33	1
Klifabotn í Lóni (1)	8	1
Brekkuskógur (2)	21	1
Ölfusborgir (1)	10	
Úlfjótuvatn (1)	9	

Húsnæði sem félagið leigði:

Minni Mástunga (1)	9
Súðavík (1)	7
Bjarteyjarsandur (1)	5
Kaupmannahöfn (2)	22
Spánn (1)	8

"Vika að eigin vali" 160 styrkir, hver að upphæð kr. 13.000.-

Nú í sumar verður félagið með eina íbúð í Kaupmannahöfn.

Orlofsferðir og leikhús

Félagið stóð fyrir þremur ferðum sumarið 2008:

- * 50 fóru í orlofsferð til Hollands, Belgíu, Þýskalands og Luxemburg.
- * 44 fóru í ferð á Strandirnar.
- * Rúmlega 100 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn til Sauðárkróks, Blönduós og fleiri staði.
- * Einnig fóru rúmlega 100 eldri félagsmenn í boði félagsins og sáu leikritið "Þið munið hann Jörund" sem Freyvangsleikhúsið setti upp.

Fundir hjá félaginu

Stjórn Einingar-löju hélt 9 stjórnarfundi á starfsárinu.

Margt var tekið fyrir á þessum fundum m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Helstu mál sem tekin hafa verið fyrir á stjórnarfundum félagsins:

Á fyrsta fundi þann 29. maí var lögð fram skipting sú sem Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, gerði fyrir félögin varðandi eignir Vöku. Hlutur Einingar-löju er rúmlega 112 milljónir.

Á fundi 21. ágúst voru teknar fyrir alls 1.002 inntökubeiðnir sem höfðu borist frá því að síðast voru teknar fyrir inntökubeiðnir. Þar af eru 806 frá Akureyri og nágrenni, 122 frá Dalvíkurbyggð, 5 frá Grýtubakkahreppi, 16 frá Hrísey, 24 frá Ólafsfirði og 29 frá Siglufirði. Þær voru allar samþykktar.

Á fundinum var einnig lögð fram könnunum sem félagið gerði varðandi launakjör unglinga í Vinnuskólum á Eyjafjarðarsvæðinu og flettað inn í það samskonar könnunum frá Afli og VerkVest. Niðurstöður voru þær að mörg sveitarfélög á svæðinu eru í lægstu sætunum í könnuninni. Einnig var lagt fram könnun á launum flokkstjóra í vinnuskólum víða á landinu.

Á fundinum mætti Ásgrímur Örn Hallgrímsson og kynnti drög að dagskrá fyrir fjölskyldudaginn. Hann hefur skipulagð daginn ásamt Elsu Sigmundsdóttur og Freydís Antonsdóttir. Hátíðin mun standa frá kl. 13:00 til 17:00 þann 6. september. Það er búið að fá ýmsa skemmtikrafta og kynnrir verður Snorri Guðvarðarson. Grillað verður ofan í mannskapinn og að endingu verður öllum afhent endurskynsmerki sem á eru merki Einingar-löju og Byrs sparisjóðs sem mun borga helming af kostnaði við merkin.

Á sama fundi kom fram að á fundi formanna Einingar-löju, Félags verslunar og skrifstofufólks Akureyrar og nágrennis, Félags byggingarmanna Eyjafirði, Félags málmíðnaðarmanna Akureyrri og Sjómannafélags Eyjafjarðar sem haldinn var föstudaginn 15. ágúst sl. var samþykkt að Eining-löja muni sjá um að þjónusta félagsmenn áðurnefndra félaga vegna Starfsendurhæfingarsjóðs. Kostnaður vegna þjónustunnar er greiddur úr sjóðnum. Ekki hefur fengist staðfesting á því stöðuhlutfalli sem svæðið fær en líklega er það fullt starf. Starfsmaðurinn verður starfsmaður Einingar-löju. Tillaga formanns er að Elsa Sigmundsdóttir verði ráðinn til starfsins í 100% stöðu.

Á fundi þann 23. september kom Ásgrímur Örn Hallgrímsson og fór yfir hvernig til hefði tekist á opna deginum að Hömrum. Hann sagði að um 2.000 manns hefðu mætt á hátíðina og að hún hefði tekist vel. Ýmislegt mætti læra af þessu og æskilegt væri að halda svona hátíð annað hvert ár. Stjórnarmenn voru sammála um að vel hefði tiltekist og almenn ánægja hjá þeim er sóttu hátíðina.

Á fundi 10. nóvember sl. var Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup, sem kynnti niðurstöður úr könnun sem félagið tók þátt í. Könnunin var netkönnun og náði til pósthúsnúmera 600, 601 og 603. Alls svöruðu 768 manns eða 68,8% könnunni. Af þeim voru rúm 23% félagsmenn í Einingu-löju. Heildarniðurstaða er sú að hlutur Einingar-löju er góður og kemur könnunin vel út og sýnir það að félagið er á réttri leið í vinnu sinni að kynna félagið.

Á fundinum sagði Ásgrímur frá stofnun almannaheillaráðs sem var stofnað hér á Akureyri. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar frá hinum ýmsu stofnunum, þar á meðal stéttarfélagunum á Akureyri. Þorsteinn E. Arnórsson hefur verið fulltrúi félagsins í þessari nefnd, en hefur kallað aðra starfsmenn með sér á fundina ef þurfa þykir. Stofnað hefur verið Ráðgjafartorg á vefsíðu Akureyrarbæjar þar sem hægt er að nálgast upplýsingar sem mönnum gagnast ekki síst ef menn verða atvinnulausir eða vilja kynna sér hvar hægt er að leita sér hjálpar. Settur hefur verið upp hlekkur á síðu félagsins sem hægt er að fara inná torgið. Í framhaldi hafa stéttarfélagin gert bækling sem hefur verið unninn af Ásgrími og er hann kostaður af öllum félögum í samræmi við félagafjölda. Þessi bæklingur hefur verið sendur inn á öll heimili og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu. Fram kom að menn eru með hugmyndir um að gera ýmislegt til að taka á því atvinnuleysi sem er framundan. Einnig kom fram að stjórnarmenn séu mjög jákvæðir til þessa og að bæklingurinn sé finnr. Þá kom fram hjá formanni að vegna ýmissa verkefna sem menn mundu ráðast í þá væri nauðsynlegt að hafa einhverja peninga til þess að setja í þau verkefni. Hann kom með tillögu um að honum og varaf

Á sama fundi lagði formaður til að samningi þeim sem gerður var dags. 10. apríl 2002 við Lögmenn Borgartúni 18 sf. og Lögheimtuna ehf. verði sagt upp þar sem forsendur hafa breyst því við höfum ekkert notað sunnlendinganna en samt hafa þeir fengið helminginn af þeim greiðslum sem við höfum borgað. Ennfremur lagði hann til að gengið væri til samninga við Pacta lögmenn en þeir hafa verið okkar aðal lögmenn undanfarin ár og eru einnig með samning við okkur um innheimtu á ógreiddum félagsgjöldum. Stjórnin samþykkir uppsögnina og veitir formanni umboð til að semja við Pacta um lögræðiþjónustu fyrir félagið.

Á fundi þann 15. desember sl. var tekið fyrir erindi frá Jónu Bertu Jónsdóttur fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar þar sem óskað er eftir stuðningi félagsins fyrir þessi jól. Stjórnin samþykkti styrk að upphæð kr. 500.000 og greiðist hann úr félagssjóði.

Á sama fundi var lagður fram samningur um tilraunaverkefni á milli Einingar-löju og Starfsendurhæfingarsjóðs sem gildir til 15. janúar 2009. Það eru aðeins þrjú félög sem eru í þessu tilraunaverkefni. Þegar þetta tímabil er útrunnið verður gerður framhaldssamningur við félagið.

Á fundi þann 28. janúar var lagðir fram samningar við Bílstjórafélag Akureyrar og Vörubílstjórafélagið Val um kaup félagsins á hlut þeirra í Tjarnargerði en þeir halda eftir 10% hlut hvor. Eining-löja á því nú 80% í Tjarnargerði.

Á sama fundi var farið yfir stöðu framkvæmda á Siglufirði og stöðu sölumála á Suðurgötu 10. Framkvæmdir ganga vel og verður þeim lokið um mánaðarmótin febrúar/mars. Þá verður farið í að flytja og formleg opnum verður í mars. Formaður greindi frá viðræðum sínum við Sparisjóð Siglufjarðar um kaup á húsnæðinu að Suðurgötu 10. Fyrir liggur tilboð frá SPS upp á kaupverð kr. 13.000.000, sem greiðast helmingur þann 1. júní og hinn helmingurinn þann 1. desember 2009.

Á sama fundi var tekið fyrir erindi frá Leikfélagi Hörgdæla þar sem sagt er frá sýningunni Stundum og stundum ekki sem sett verður upp á næstunni og félaginu boðið að kaupa eina sýningu fyrir eldri félagsmenn.

Á fundi þann 26. febrúar sagði formaður frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið að hálfu samninganefndar ASÍ, einnig var sagt frá formannafundi ASÍ sem haldinn var 16. febrúar sl. Á þeim fundi kom fram að mjög mikill meirihluti félaga vildi ekki taka sénsinn á að samningum yrði sagt upp heldur fresta endurskoðuninni fram í júní. Lagt var fram samkomulag sem ASÍ og SA gerðu þann 25. febrúar sl. um frestun á ákvörðun um framlengingu á samningum frá febrúar til júní nk. Einnig var samið um að lágmarkstekjutryggingin færi þann 1. mars upp í kr. 157.000. Einnig koma orlofsdagar sem áttu að koma til framkvæmda þann 1. maí nk. Sett var niður á blað áherslur samtakanna um aðæðir í efnahaasmálum sem ætu eftt atvinnulífið og bannia minkað atvinnuleysið.

Á sama fundi lá fyrir samningur á milli stéttarfélaganna á Akureyri og Sjómannafélags Ólafsfjarðar og Starfsendurhæfingarsjóðs, hann er með ábyrgð Einingar-löju. Greiðslur eru miðaðar við það að það sé starfsmaður í 100% starfi og auk húsnæðis- og tækjakostnaðar og akstursgreiðslna. Samningurinn er frá 1. mars 2009 til 1. mars 2010 og verður hann þá endurskoðaður.

Trúnaðarráð hélt tvo fundi á starfsárinu. Þar var m.a. fjallað um fræðslumál, atvinnuleysi, starfsendurhæfingu, uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og fulltrúa á ársfund Alpýðusambands Íslands. Á báðum fundunum voru haldin erindi.

Á fyrri fundinum var fjallað um möguleika á fræðslu og styrki til einstaklinga. Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri Landsmenntar/Ríkismenntar/Sveitamenntar, Valgeir Magnússon, verkefnisstjóri hjá SÍMEY, og Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ fluttu fróðleg erindi um málefnið. Fjörugar umræður urðu um erindin og tóku fiölmarqir til máls.

Á seinni fundinum voru haldin tvö erindi. Í fyrra erindi kvöldsins fór Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar Norðurlandi eystra, yfir ástand atvinnumála á svæðinu. Hún kynnti m.a. heimasíðu stofnunarinnar og benti á ýmislegt í sambandi við vinnumarkaðsúrræði sem þar má finna. Í seinna erindi kvöldsins kynntu þær Ása Dóra Konráðsdóttir, sérfræðingur hjá Starfsendurhæfingarsjóði, og Elsa Sigmundsdóttir, ráðgjafi sjóðsins í Eyjafirði, sjóðinn fyrir félagsmönnum.

Uppstillinganefnd kom saman tvisvar og gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Samninganefnd félagsins kom tvisvar sinnum saman til fundar og voru þeir báðir kynningar og ákvörðunarfundir.

Fundir á svæðum utan Akureyrar

Almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar í á árinu og voru kosnir svæðisfulltrúar á Ólafsfirði og Grýtbakkahreppi. Á báðum stöðunum var um endurkosningu að ræða. Svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins.

Starfsmenn félagsins fóru í haust í fyrirtækjaheimsóknir á Siglufirði, Hrísey og Ólafsfirði og héldu síðan fundi um kvöldið þar sem félagið var sérstaklega kynnt og réttindi félagsmanna úr sjóðum þess. Þessir fundir og heimsóknir tókust vel.

Aðalfundur starfsgreinadeilda

Aðalfundur starfsgreinadeildanna voru haldnir þann 19. febrúar sl. og var sama fyrirkomulag á fundunum eins og á síðasta ári. Allir fundirnir byrjuðu á sama tíma á sama stað, en var síðan skipt upp. Er það mál manna að þetta sé gott fyrirkomulag.

Í upphafi á sameiginlega fundinum flutti Kristján Magnússon, félagsráðgjafi hjá Reyni ráðgjafastofu, erindið „Tímastjórnun.“

Eftir þetta erindi var fundarmönnum skipt niður eftir deildum í hina ýmsu sali á Hótel KEA.

Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Að meðaltali hafa verið haldnir þrjú stjórnarfundir á ári í hverri starfsgreinadeild.

Formenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins svo og varaformaður stærstu deildarinnar. Varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Fundur og ársfundir

Ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn í október sl. Eining-löja átti 11 fulltrúa á fundinum. Aðalmál ársfundarins voru kjara- og skipulagsmál og einnig málefni ungafólksins.

Auka ársfundur ASÍ var haldinn 25. mars sl. og átti félagið þar 11 fulltrúa. Yfirskrift fundarins var Hagur – vinna – velferð, en þar setti Alþýðusambandið fram sína sýn á endurreisn efnahags- og atvinnulífs á traustum gildum.

Fundum með erlendum starfsmönnum voru haldnir á árinu en hefur fækkað nokkuð vegna fækkunar þeirra á svæðinu.

Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. vinnustaðafundir og fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

Aðalfundur Stapa var haldinn 8.máí í Mývatnssveit og átti félagið þar 35 fulltrúa. Björn Snæbjörnsson er fulltrúi félagsins í stjórn sjóðsins. Þess má geta að ljóst er að Stapi hefur komið best út úr fjármálakreppunni miðað við aðra lífeyrissjóði. Ekki þarf að skerða réttindi eins og víða er búið að tilkynna og séreignarsparnaðarleiðir Stapa gefa bestu ávöxtun yfir landið.

Framkvæmdir hjá félaginu

Unnið var að endurbótum og breytingum á orlofshúsinu í Tjarnargerði. Einnig var skrifstofa félagsins á Akureyri í endurhönnun vegna aukinna verkefna og fjölgunar á starfsmönnum. Unnið var að endurbótum á húsnæði því sem félagið keypti á Siglufirði. Þeim er nú lokið og verður skrifstofan færð þangið á næstu dögum.

Ennfremur hefur verið farið í almennt viðhald annarsstaðar, sérstaklega í orlofshúsum og íbúðum sem alltaf er eitthvað um.

Þjónusta á skrifstofum félagsins

Álagið á skrifstofum félagsins var mikið, eins og oft áður, og þá einkum að svara fyrirspurnum félagsmanna varðandi kaup og kjör. Slíkum fyrirspurnum hefur fjölgað mjög undanfarin fimm ár og er greinilegt að fólk er áhugasamara nú en áður um rétt sinn. Einkum er það unga fólk sem er að skila sér og tel ég að það sé afleiðing af fræðslustarfinu sem félagið hefur beitt sér fyrir í tíundabekkjum grunnskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu og í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga.

Mikið hefur mætt á skrifstofunum vegna þessa mikla atvinnuleysis og vandamála sem af því leiðir.

Því miður koma upp á hverju ári mál er varða einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og eru þessi mál þau erfiðustu sem starfsmenn félagsins koma að.

Einnig eru nokkuð mörg mál í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum hjá fyrirtækjum.

Á skrifstofur félagsins var hringt inn síðastliðna 12 mánuði 19.852 símtöl, þ.e.a.s. 1.6054 á mánuði eða um 82 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er.

Miðasala í göngin er þjónusta sem félagið stendur fyrir og er heilmikið notuð en miðar eru seldir á kr. 520. Stök ferð fyrir venjulegan fólksbíl í flokki I kostar kr. 800 og því er sparnaður tóluverður er miðar eru keyptir á skrifstofum félagsins. Sem dæmi má nefna að þeir sem kaupa tvo miða, ætla sér að aka fram og til baka um göngin, spara kr. 560

Rúmlega 95% vita fyrir hvað félagið stendur

Dagana 10. til 22. september sl. stóð Capacent Gallup fyrir könnun á ímynd og þekkingu á félaginu og þróun þar á. Um netkönnun var að ræða þar sem úrtakið var 1.200 manns, 16 til 75 ára fólks búsettu á Akureyri og nágrenni, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Capacent Gallup. Endanlegt úrtak var 1.099 og svarhlutfall 68,8%. Könnun sem þessi var síðast gerð haustið 2004 fyrir félagið, en þá var reyndar um símakönnun að ræða svo munurinn er ekki alveg marktækur.

Þessar niðurstöður eru mjög svipaðar og við sáum úr könnun sem gerð var haustið 2004, þó fleiri séu nú á miðjunni ef svo mætti segja. Af þeim sem afstöðu tóku voru 59,5% aðspurðra jákvæðir í garð félagsins. 33,4% svöruðu hvorki né en 7% svöruðu því til að þeir væru neikvæðir gagnvart félaginu. Það þarf að hafa í huga að könnunin var ekki bundin við félagsmenn og því tel ég þessi 7% vera hverfandi tölu.

Þegar spurningin: *Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir minnst á Einingu-löju?* var borin upp, þá kom í ljós að rúmlega 95% þeirra sem svara vita fyrir hvað félagið stendur og nefndu verkalýðs- eða stéttarfélag, eða eitthvað sem tengist slíkum félögum. 76,9% aðspurðra sögðust vita í hverju starfsemi Einingar-löju væri fólgin en 53,9% árið 2004. Eftir því sem menn verða eldri þá virðast þeir vita meira um félagið og þeir sem búa utan Akureyrar vita minna en þeir sem á Akureyri búa.

Þetta er mjög góð útkoma fyrir okkur og greinilegt að það sem við höfum haft fram að færa hefur skilað sér bæði til félagsmanna sem og almennings. Eitt af hlutverkum okkar er einmitt að koma á framfæri hvað er að gerast í félaginu. Varðandi auglýsingar frá félaginu voru 83,6% svarenda ánægðir með þær.

Fjölskylduhátíð Einingar-löju

Laugardaginn 6. september sl. hélt Eining-löja fjölskylduhátíð á Hömrum við Akureyri. Þetta var í fyrsta sinn sem félagið heldur slíka hátíð og voru viðtökur það góðar að stjórn félagsins hefur ákveðið að stefnt verði á að slík hátíð verði haldin annað hvert ár. Fjölmargt var gert til skemmtunar, bæði á sviði og á leiksvæði. Starfsmenn, stjórn og makar sáu um að grilla pylsur frá Kjarnafæði og Goða og ekki var annað að sjá en pylsurnar rynnru ljúflega niður með drykkjunum frá Egils hjá þeim fjölmörgu sem á hátíðina mættu. Um eða yfir 2.000 manns mættu á svæðið og fengu allir afhent endurskinsmerki og smá bækling um félagið. Í lok dags var búið að afhenda rúmlega 2.000 endurskinsmerki, sem merkt voru Einingu-löju og Byr sparísjóð.

Félagsgjald

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Félagatal

Ár	Aðalfélagar	Félagatal svæðisráða			
2008	7.801	1.489			
2007	7.002	1.529			
2006	6.669	1.281			
2005	5.518	1.078			
2004	5.471	1.074			
2003	5.443	1.052			
2002	5.441	1.035			
2001	5.235	1.015			
<i>Félagatal starfsgreinadeildir</i>	2008	2007	2006	2005	2004
Opinbera deildin	2.301	2.029	1.694	1.448	1.662
Matvæla- og þjónustudeild	3.480	2.489	2.263	1.795	2.138
Iðnaðar- og tækjadeild	2.020	1.451	1.153	835	1.125

Inn í tölum 2004 eru gjaldfrír. Gjaldfrír eru ekki með í tölunni 2005 og 2006, en það ár eru þeir 940 talsins. Inn í tölum 2007 eru ekki gjaldfrír en þeir eru 963 talsins.

Félagsmönnum hefur fjölgar á milli ára vegna nýrra aðferða við að fá fólk til að ganga í félagið og sameiningarinnar við Siglufjörð. Það er sent út til allra sem eru að greiða til félagsins og þeim boðið að ganga í félagið og ef þeir neita ekki þá er lítið á það að þeir séu að óska eftir inngöngu. Þannig gengu 1.086 einstaklingar inn í félagið á árinu 2008. Þeir sem eru ekki að greiða félagsgjöld í tvö ár eru strikaðir út eftir að þeim hefur verið sent bréf.

Útgáfa og kynningarmál

Félagið gaf út, eins og venjulega, þrjú blöð á árinu; orlofsblað, sumarblað og desemberblað. Sumarblaðið og desemberblaðið hafa verið borin út í öll hús á félagssvæðinu í rúmlega 10.000 eintökum og hefur það mælst vel fyrir. Kynningarþjónustan Fremri vann fyrsta blaðið á árinu, orlofsblaðið, en eftir að Ásgrímur Örn Hallgrímsson var ráðinn til félagsins þá hefur hann séð um útgáfuna á blöðunum.

Heimasíðan var vel virk á árinu og sá Ásgrímur um hana og er gaman að sjá að vaxandi heimsóknartíðni er inn á síðuna og er engin heimsálfa undanskilin þegar menn skoða heimsóknirnar.

Eins og ég sagði áðan er heimasíðan vel virk og reynum við nú að birta allar nýjustu fréttir frá félaginu á henni. Þeir sem áhuga hafa á að fá sendan tölvupóst þegar síðan er uppfærð eða frétt sett inn á hana geta skráð sig á einfaldan hátt á póstlista félagsins. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á ein.is og smella á hlekk sem er til vinstri á heimasíðunni merktur **Skráning á póstlista**.

Starfsmenn

Breyting varð á starfsmannahaldi á síðasta ári. Guðrún Skarphéðinsdóttir á Dalvík lét af störfum í lok árs 2008 vegna afleyðinga vinnuslyss sem hún varð fyrir í fyrra og vil ég þakka henni fyrir vel unnin störf fyrir félagið, en hún hefur verið starfsmaður félagsins frá árinu 1994.

Þrír nýir starfsmenn hófu störf á árinu. Freydís Antonsdóttir, sem tók við af Guðrúnu á skrifstofunni á Dalvík, Elsa Sigmundsdóttir, sem byrjaði á því að leysa Nicole Kristjánsson á meðan hún var í barneignarfríi og tók svo við nýrri ráðgjafastöðu hjá Starfsendurhæfingarsjóði, og Ásgrímur Örn Hallgrímsson, sem ráðinn var sem upplýsingafulltrúi félagsins. Þá var Inga Jóna Traustadóttir ráðin í afleysingar á meðan Íris Björk Árnadóttir, sem sér um ræstingar á skrifstofunni á Akureyri, er í fæðingarorlofi.

Aðrir starfsmenn félagsins voru hjá því árið á undan. Þ.e. Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Hafdís Gísladóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Nicole Kristjánsson, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson,

Áritun óháðs endurskoðanda

Til félagsmanna og stjórnar Einingar - Iðju.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar - Iðju fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag, rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir félagssjóð, vinnudeilusjóð, sjúkrasjóð, orlofssjóð, fræðslusjóð, byggingarsjóð, hússjóð Dalvíkur, hússjóð Siglufjarðar og skrifstofu, samandreginn rekstrar- og efnahagsreikning og skýringar ásamt 5 ára yfirliti.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

